

Reykjavík 10. desember 2020

20110133 SEP/gjj

Alþingi, atvinnuveganefnd  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Tækniþróunarsjóð (321. mál) og frumvarp til laga um opinberan stuðning við nýsköpun (322. mál)**

I.

Almennt

Ríkisendurskoðandi hefur þann 27. nóvember 2020 móttengið tölvupóst þar sem finnst er kostur á að veita umsögn um ofangreind þingmál.

II.

Frumvarp til laga um opinberan stuðning við nýsköpun

Megintilgangur frumvarpsins er að stofnað verði einkahlutafélag í eigu ríkisins um rekstur tækniseturs, sem taka á við að mestu starfsemi Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands sem jafnframt er lögð niður. Félagið á ekki að vera hagnaðardrifið og ekki er gert ráð fyrir að það greiði út arð til hluthafa en greinargerð frumvarpsins er ekki að finna neinar upplýsingar um rekstraráætlanir félagsins til næstu t.d. fimm ára.

Í 5. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að stofnanda (ráðherra) sé heimilt að leggja til félagsins tækjabúnað og annan nauðsynlegan búnað í formi stofnfjár. Í greinargerð frumvarpsins kemur fram að hér sé um að ræða ýmsan tækjabúnað og vísað til tækjalista Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og að í einhverjum tilfellum er um að ræða tæki sem Nýsköpunarmiðstöðin á með öðrum.

Ríkisendurskoðun bendir á að samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um einkahlutafélög þarf yfirlýsing löggilts endurskoðanda að fylgja með stofnsamningi þegar hlutafé er greitt með öðrum verðmætum en reiðufé. Frumvarpið sem hér er til umsagnar kveður aftur á móti á um undanþágu frá þessu ákvæði laga um einkahlutafélög en í greinargerð er ekki að finna skýringar á þeirri undanþágu. Þannig er gert ráð fyrir því að umrædd yfirlýsing þurfi ekki að fylgja stofnsamningi. Þetta er að mati Ríkisendurskoðunar óheppilegt sérstaklega í ljósi þess að ákvæði til bráðabirgða IV. og V. kveða á um ákveðnar ráðstafanir á tilteknum eignum Nýsköpunarmiðstöðvarinnar.

III.

Frumvarp til laga um Tækniþróunarsjóð

Frumvarpið er samhljóða II. kafla laga 75/2007, um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun og er lagt fram til að tryggja áframhaldandi starfsemi Tækniþróunarsjóðs eftir niðurlagningu Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.

Ríkisendurskoðun gerir ekki athugasemdir við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

Skúli Eggert Þórðarson

Guðrún Jenný Jónsdóttir

# Undirritunarsíða

Guðrún Jenný Jónsdóttir



Undirritað af:  
Guðrún Jenný  
Jónsdóttir  
1303704979  
Dags: 10.12.2020  
Tími: 14:13:02  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: dbb1902a-  
8536-4233-9c90-  
c66703b2d45a

Skúli Eggert Þórðarson



Undirritað af:  
Skúli Eggert Þórðarson  
1702532649  
Dags: 10.12.2020  
Tími: 14:14:12  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: dbb1902a-  
8536-4233-9c90-  
c66703b2d45a